

Mild og Virtanen gegn Finnlandi

Dómur frá 12. júlí 2005

Mál nr. 39481/98 og 40227/98

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Réttur til að spyrja vitni.

1. Málsatvik

Kærandur, Mild, fæddur 1967 og Virtanen, fædd 1970, búa í Finnlandi.

Kærandur voru ákærð fyrir stórfelldan þjófnað á grundvelli grunsemda um að þeir hefðu átt þátt í þjófnaði á loftfeldum að andvirði 327.500 finnskra marka úr verslun. Kærandur neituðu sök.

Refsimálið var tekið fyrir í undirrétti þann 5. júní 1995. Ákærvaldið byggði m.a. á lögregluskýrslum sem teknar höfðu verið af M og R sem höfðu verið sakfelldir fyrir sama brot eftir að hafa játað það á sig. M og R komu ekki fyrir dóm sem vitni, en verslunarmaður bar vitni um að kærandur hefðu komið í verslunina nokkru fyrir þjófnaðinn, eigandi sendibílsins sem notaður var við verknaðinn bar um að hafa átt einhver samskipti við Mild og lögreglumaður bar að hann hefði sendiferðabíl á bílastæði við heimili Mild daginn sem innbrotið var framið án þess að geta fullyrt að það væri sami bíll og notaður hefði verið við þjófnaðinn. Málinu var frestað í tvígang í því skyni að boða M og R til skýrslugjafar fyrir dómi. Þann 28. febrúar 1996 afturkallaði M yfirlýsingu sína varðandi kærandur og sagði hana ranga. Þann 29. febrúar 1996 voru kærandur sýknuð þar sem sönnunargögn voru ekki talin nægja til sakfellingar.

Saksóknari áfrýjaði dómnum og fór munnleg málsmeðferð fram fyrir áfrýjunardómstól í nóvember 1996. M og R voru ekki kallaðir til skýrslutöku fyrir áfrýjunardómstólnum, en önnur vitni komu þar fyrir dóm. Í desember 1996 sakfelldi áfrýjunardómstóllinn Mild fyrir stórfelldan þjófnað og dæmdi í eins árs og tíu mánaða fangelsi. Virtanen var sakfelld fyrir hlutdeild í verknaðinum. Var hún dæmd í skilorðsbundið fjögurra mánaða fangelsi. Áfrýjunardómstóllinn byggði á yfirlýsingum M og R í lögregluskýrslum og í eigin refsímáli, ásamt því að önnur sönnunargögn í málinu gegn kærendum styddu þær. Í júní 1997 hafnaði Hæstiréttur áfrýjunarbeiðni kærenda.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur töldu sig ekki hafa hlotið réttláta málsmeðferð fyrir dómi þar sem þau hefðu ekki getað spurt eða látið spyrja þau vitni sem leidd voru gegn þeim. Töldu þeir að þessi málsmeðferð hefði brotið gegn 1. mgr. og d-lið 3. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að líta bæri á M og R sem vitni í skilningi d-liðar 3. mgr. 6. gr. sáttmálans þar sem byggt hefði verið á yfirlýsingum þeirra fyrir dómi. Kærendum hefði aldrei gefist tækifæri til að spyrja eða láta spyrja M og R. Þar að auki hefðu innlend lög verið að því leyti gölluð að þau tryggðu ekki að hægt væri að færa M og R fyrir dóm til skýrslugjafar sem gerði það að verkum að kærendum hefði verið allsendis ómögulegt að leggja fyrir þá spurningar. Þrátt fyrir þetta hefðu yfirlýsingar þeirra haft mikið vægi í sönnunarfærslunni gegn kærendum. Var það því einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 6. gr. og d-lið 3. mgr. sáttmálans. Voru Mild dæmdar 3.000 evrur í miskabætur og 6.000 evrur vegna málskostnaðar. Virtanen fékk dæmdar 2.000 evrur í miskabætur og 1.246 vegna málskostnaðar.